

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>VERKLAGSREGLUR um rafræna fundi háskólaráðs Háskóla Íslands</p>	<p>Bls. 1 af 2 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 1. október 2015 Málsnúmer: HÍ15100004</p>
---	---	---

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að framkvæmd rafrænna funda háskólaráðs Háskóla Íslands sé í samræmi við starfsreglur háskólaráðs og ákvæði 4. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Rafrænn fundur er undantekning frá meginreglu um fyrirkomulag funda háskólaráðs.

Rektor fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum háskólans á milli funda háskólaráðs, sbr. 8. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og 5. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Þegar sérstaklega stendur á getur rektor óskað eftir því að fundur í háskólaráði fari fram með rafrænum hætti í samræmi við þessar verklagsreglur. Ef kostur er skal það ákveðið á næsta reglulega fundi ráðsins á undan, en ella er rektor heimilt að ákveða slíkan fund ef nauðsyn ber til vegna ófyrirséðra atvika. Að jafnaði er við það miðað að á rafrænum fundi afgreiði háskólaráð einstök mál, sbr. nánar 3. gr.

2. gr.

Orðskýringar.

Í verklagsreglum þessum gilda eftirfarandi orðskýringar:

Rafrænn fundur: Fundur sem fer eingöngu fram með rafrænum hætti.

Vefsvæði háskólaráðs: Lokað vefsvæði háskólaráðs á innri vef Háskóla Íslands sem fulltrúar í háskólaráði ásamt tilgreindu starfsfólki miðlægrar stjórnarsýslu HÍ hafa aðgang að með persónubundnu auðkenni. Vefsvæðið er vistað hjá Reiknistofnun HÍ.

3. gr.

Fyrirkomulag rafræns fundar háskólaráðs.

Rafrænn fundur fer fram með tölvupósti eða með öðrum hentugum rafrænum hætti. Rektor boðar rafræna fundi með minnst eins dags fyrirvara. Dagskrá fundar ásamt viðeigandi gögnum skal fylgja fundarboði.

Rafrænn fundur stendur að jafnaði í einn sólarhring og skal koma fram á dagskrá hvenær fundur hefst og hvenær honum verður lokið.

Til afgreiðslu á rafrænum fundi skulu tekin einstök mál sem ekki þola bið og þarfnast staðfestingar háskólaráðs af eða á fyrir tilgreindan tíma.

Skýrt skal koma fram á dagskrá hvert málefni rafræna fundarins er, hvaða ákvörðun þarf að taka og hvers vegna hún þolir ekki bið. Eftir því sem mögulegt er skal rektor setja fram rökstudda tillögu um afgreiðslu máls.

Fulltrúar í háskólaráði taka afstöðu til tillagna um afgreiðslu með því að lýsa sig samþykka tillögu eða andvíga eða með því að sitja hjá. Þegar fulltrúi lýsir afstöðu sinni skal hann gera það þannig að allir aðrir fulltrúar í ráðinu fái upplýsingar um þá afstöðu. Fulltrúar geta jafnframt lagt fram bókun með atkvæði sínu. Óski einhver fulltrúi eftir því

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p>VERKLAGSREGLUR um rafræna fundi háskólaráðs Háskóla Íslands</p>	<p>Bls. 2 af 2 Ábm. MDB/PK Samþ. í háskólaráði 1. október 2015 Málsnúmer: HÍ15100004</p>
--	---	--

að áður en afstaða er tekin verði málið rætt skal boðað til aukafundar í háskólaráði með reglulegu sniði eins fljótt og nauðsynlegt er vegna efnis máls.

Rituð er fundargerð þar sem ákvarðanir eru skráðar. Í kjölfar rafræns fundar sendir ritari háskólaráðs fulltrúum í ráðinu drög að fundargerð og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Komi ekki fram athugasemdir innan sólarhrings skoðast fundargerðin samþykkt og skal lögð fram og undirrituð á næsta reglulega fundi háskólaráðs eins og venja er.

Fundargerð rafræns fundar skal birt með sama hætti og fundargerðir reglubundinna funda háskólaráðs.

Öll gögn rafræns fundar skulu vera aðgengileg og vistuð á vefsvæði háskólaráðs og í skjalasafni háskólans.

4. gr.

Upplýsingar um tilhögun rafrænna funda.

Upplýsingar um tæknilega tilhögun og framkvæmd rafrænna funda háskólaráðs skulu vera aðgengilegar á vefsvæði háskólaráðs.

5. gr.

Laga- og reglustoð.

Verklagsreglur þessar eru settar af háskólaráði með stoð í 1. mgr. 4. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.